

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

66. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn mánudaginn 1. apríl 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu: Ólafur Loftson og Guðbjörg Ragnarsdóttir frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Þá var gengið til dagskrár:

- 1. Ákvörðun sveitarfélags um að taka ekki veikindavottorð gilt vegna veikinda sem tilkynnt voru til vinnuveitanda eftirá. - 1703032SA**

Niðurstaða:

Málið rætt. Afgreiðslu frestað meðan ákveðin málsatvik eru til skoðunar af hálfu fulltrúa SNS.

- 2. Ósk verkefnastjóra um greiðslu yfirvinnu vegna vinnuframlags sem innt var af hendi fyrir 15. ágúst 2016. – 1703033SA**

Upp kom ágreiningur um hvort greiða skyldi yfirvinnu vegna vinnuframlags verkefnastjóra áður en kennarar mættu til starfa síðastliðið haust. Að ósk skólastjóra kom verkefnastjórinn til starfa 8. ágúst, en aðrir kennarar síðar. Ágreiningur er um hvort vinna á umræddum tíma áður en kennarar komu til starfa geti talist til starfsþróunar og/eða aukins undirbúnings verkefnastjórans.

Niðurstaða:

Störf verkefnastjórans á umræddu tímabili geta ekki talist til starfsþróunar og/eða aukins undirbúnings. Hann á því rétt á yfirvinnugreiðslum umrædda daga.

3. Erindi frá fræðslustjóra Akureyrarbæjar f.h. sveitarfélagsins þar sem óskað er eftir 10 daga fresti frá viðmiðum í Vegvísi samstarfsnefndar um kynningu á umbótaáætlun til kennara þann 1. maí 2017 vegna bókunar 1.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að verða við ósk um 10 daga frest og fer kynning sveitarfélagsins til kennara á umbótaáætlun fram eigi síðar en 10 maí 2017. Umbótaáætlun og lokaskýrslu skal síðan skilað til samstarfsnefndar eigi síðar en 1. júní 2017.

4. Erindi frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar um 10 daga frest frá viðmiðum í Vegvísi samstarfsnefndar um skil á lokaskýrslu vegna bókunar 1. - 1703034SA

Á 65. fundi afgreiddi samstarfsnefnd erindi Skóla- og frístundasviðs (SFS). Í þeirri bókun var einungis veittur frestur vegna kynningar á umbótaáætlun til kennara frá 1. maí til 10. maí. Ósk SFS er að samhliða hliðrist einnig til önnur skil á gögnum samkvæmt vegvísi.

Niðurstaða:

Að teknu tilliti til fjölda grunnskóla í Reykjavík og umfangs verkefnisins er samstarfsnefnd sammála um að verða við ósk Skóla- og frístundasviðs um að fresta kynningu til kennara á umbótaáætlun frá 1. maí til 10. maí. Þá er samstarfsnefnd sammála um að veita sveitarfélaginu einnig 10 daga frest til að skila lokaskýrslu og umbótaáætlun til samstarfsnefndar og fara skil fram eigi síðar en 10. júní 2017.

5. Bókun 2 í kjarasamningi aðila.

Undir þessum dagskrárlið mættu til fundarins Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs, Svandís Ingimundardóttir frá lögfræði- og velferðarsviði sambandsins og Rósa Ingvarsdóttir formaður kennarafélags Reykjavíkur.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að óska eftir fundi með menntamálaráðgjafa þar sem farið verður yfir málið í lok apríl eða byrjun maí 2017. Í aðdraganda fundarins verði undirbúið erindi til ráðherra þar sem málið er dregið saman í aðalatriðum.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:17